

Reykjavík, 28. september 2023 (KEK)

Framnesvegur 46 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. september 2023 var lögð fram fyrirspurn Péturs Hrafnar Árnasonar, dags. 11. september 2023, um að setja innkeyrslu og bílastæði á lóð nr. 46 við Framnesveg, samkvæmt skissu á yfirlitsmynd. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd frá ja.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Framnesveg 46 borgarhluta 01 Vesturbær og er hluti af íbúðarsvæði ÍB1 Framnes.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Framnesveg 46 (Sólvallagötureitur), samþykkt í borgarráði 3. mars 2003 ásamt síðari breytingum.

Fyrirspurn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá skilgreindan hluta lóðarinnar sem bílastæði.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 46 við Framnesveg er steinsteypt einbýlishús á þremur hæðum, byggt árið 1922 skv. fasteignaskrá. Húsið er á horni Framnesvegar og Sólvallagötu.

Í gildandi deiliskipulagi er fjallað um bílastæði við núverandi byggð og þar sagt að „...ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á lóðum núverandi byggðar. Verði fjölgun á íbúðum innan núverandi byggðar á reitnum, ber að greiða gjald fyrir 1 bílastæði fyrir hverja íbúð, þar sem bílastæði á lóð verði ekki viðkomið.“

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið varðandi bílastæði inn á lóð við Framnesveg 46.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Katrín Eir Kjartansdóttir, verkefnastjóri